

Pegasus ehf
Sóltúni 24
105 Reykjavík



Reykjavík 17. febrúar 2016
UST201602-175/A.B.G.
09.06.01

Efni: Leyfi fyrir kvikmyndatöku í Hólmanesi

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Pegasus dags. 16. 02. 2016, vegna fyrirhugaðrar kvikmyndatöku innan Hólmaness. Hólmanes var friðlýst sem fólkvangur og friðland með auglýsingu nr. 393/1973 í Stjórnartíðindum B. Mannvirkjagerð er óheimil á svæðinu og allt jarðrask þar bannað utan eðlilegs viðhalds þjóðvegjar.

Lýsing framkvæmdar:

Sótt er um að grafa gröf rétt fyrir utan bílplan í Hólmanesi. Gröfin verður u.þ.b. 120 cm á lengd og 40 cm djúp. Fjöldi starfsmanna sem koma að verkinu innan friðlýsta svæðisins eru 40 manns og munu verða settar upp tjaldbúðir á bílplani. Takmarkanir á umferð verða unnar í samvinnu við lögreglu og Vegagerðina.

Áhrifamat:


Mannvirkjagerð og jarðrask innan Hólmaness er háð leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 1. gr. auglýsingar um friðlandið. Að mati Umhverfisstofnunar er rask vegna framkvæmdarinnar í lágmarki og ekki til þess fallið að skerða verndargildi svæðisins. Stofnunin veitir því leyfi fyrir framkvæmdinni fyrir sitt leyti innan Hólmaness eins og lýst er hér að ofan með eftirfarandi skilyrðum:


- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar um frávík á ofangreindri lýsingu
- Ekki verði um truflun á dýralífi að ræða
- Öllu raski við kvikmyndatökuna verði haldið í lágmarki
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.

Eftirlit

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með frágangi á svæðinu.

Virðingarfyllt


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri